

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hvalfjarðarsveit.

*Óveruleg breyting deiliskipulags Grundartanga, austursvæði – iðnaðarsvæði, Leynisvegur 1.*  
Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti þann 11. október 2016 óverulega breytingu deiliskipulags Grundartanga, austursvæði – iðnaðarsvæði, Leynisvegur 1.

Óveruleg breyting deiliskipulagsins felur í sér að lóðin Leynisvegur 1 sem er 64.838 m<sup>2</sup> er skipt upp. Annars vegar í 15.463 m<sup>2</sup> deiliskipulagt svæði í samræmi við gildandi deiliskipulag og hins vegar í 49.377 m<sup>2</sup> svæði sem áætlunin kveður á um að skilgreint sé sem umráðasvæði Landsnets til framtíðar og frekari þróunar tengivirkja fyrirtækisins. Skipulagsákvæði á umráðasvæðinu falla því úr gildi.

Breyting deiliskipulags hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*F.h. sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar, 10. janúar 2017,*

**Lulu Munk Andersen** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 24. janúar 2017